

1855. 6. júlí. bær einnig að greiða kostnað þann er af þessu leiðir, samkvæmt grundvallarreglunum í áður nefndu frumvarpi, og vildi jeg því, um leið og jeg hjer með sendi aptur uppdráttinn og ágizkunar-reikninginn, er með fylgði, áður en meira er gjört í þessu efni, biðja herra stiptamtm. að leita álits bæjarstjórnarinnar um allt málið, og einkum um það, hvernig fengið verði fje það sem þarf til að koma þessu á stofn, ef að áður nefndur bær getur borið kostnaðinn, og væntir stjórnin að málið verði sent hingað með þeim athugasemdum, er yður kynni að virðast tilefni til.

11. ágúst. 39. Auglýsing innanríkisstjórnarinnar um að prússnesk skip sjeu undan þegin aukagjaldi því, sem ákveðið er eptir auglýsing 24. marz þ. á. fyrir sum utanríkis-skip, sem sigla til Íslands.

Þar eð fullgyld sönnun er færð fyrir því, að konungsveldið Prússland veiti skipum þegna Danakonungs fullkomid jafurjetti við innlend skip í höfnum Prússaveldis, eru prússnesk skip, sem sigla til Íslands til verzlunar, samkvæmt auglýsing 24. marz þ. á., undan þegin að greiða 2 rda. aukagjald það af hverju lestarrúmi, sem ákveðið er í áður nefndri auglýsing.

Þetta auglýsist þannig öllum, er hlut eiga að máli, til eptirbreytni.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

16. ágúst. 40. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins um skort á nauðsynjavörum.

Í þóknanlegu brjefi 4. f. m. hefur herra stiptamtm. vakið athuga stjórnarinnar á því, að síðan að lög 15. apríl 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi fengu lagagildi 1. apríl þ. á., hafi yður vitanlega ekkert útlent skip komið á hafnir þær er lausar eru gefnar, nema eitt spanskt skip, er stórkaupmaður *Knudtson* hefði tekið á leigu og komið hefði til Reykjavíkur,

og að kaupmenn, af því þeir hefðu búizt við mörgum lausa-
kaupmönnum bæði útlendum og innlendum, hefðu ekki byrgt
sig eins og þeir voru vanir að nauðsynjavörum, og einkum
matvörum, svo að það muni verða einungis litlar, ef það verði
nokkrar, vöruleifar á verzlunarstöðunum við Faxaflóa í lok verzl-
unartímans, og hafið þjer auk þess beðið um frekari ráðstöfun
stjórnarinnar, ef að það með tímanum reyndist að vöruskortur
sá yrði, er menn óttuðust, og hafið þjer fært það til, að eins
og nú stendur geti landsmenn engan veginn á fyrsta ári gjört
hinar nauðsynlegu ráðstafanir til að byrgja sig af vörum.

Þessu til svars læt jeg ekki hjá líða að gefa yður til vit-
undar, að stjórnin, eins og hún hefur sagt í brjefi sínu 29. janúar
þ. á., ekki lengur mun geta veitt neinn sjerlegan styrk í efni
því, er þjer ræðir um, og að hún einkum ekki, nú þegar öllum
þjóðum er leyfð sigling til Íslands, geti tekið sjer á herðar ábyrgð
þá, að verja nokkru fje til að byrgja Ísland að nauðsynjavörum,
heldur verði landsmenn að annast það sjálfir fyrir milligöngu
kaupmanna, og hefur stjórnin því ekki getað gjört annað að
verkum, en að sjá um, að efnið í brjefi herra stiptamtmannsins
yrði heyrum kunnugt, til þess að vekja athygli kaupmanna á
þessu máli, en biður yður að skýra nákvæmar frá, hvað þjer hafið
gjört til að birta fyrir almenningi innihald brjefs síns 29.
janúar þ. á.

41. Brjef kirkju- og kennslustjórnarinnar til byskups 29. ágúst. um djáknapeninga á Reynistaðarklaustri¹.

Með þóknanlegu brjefi yðar háæruverðugi herra 17. ágúst
f. á. kom til stjórnarráðsins bónarbrjef; þar í biður Ólafur
Ólafsson, prestur til Reynistaðarklausturs, um að tekjur þær, sem
áður hafa verið lagðar til launa djákna þeim, er fyr var á klaustri-
inu, megi framvegis greiðast honum.

Eptir að þetta stjórnarráð hefur skrifazt á við innanríkis- og

¹) sbr. brjef 13. júní 1855 þjer að framan.